

Norðmenn hverfa frá rammaáætlun um virkjanir

18.11.2016

Samkvæmt tilkynningu á vef Norges vassdrags- og energidirektorat (NVE) hefur norska Stórþingið ákveðið að hverfa frá (avvikle) rammaáætlun um virkjanir.

Norska rammaáætlunin hefur verið fyrirmynd fyrir rammaáætlun um virkjanir og framkvæmd hennar á Íslandi. Fróðlegt er að skoða hverjar séu helstu ástæður þessara breytinga og hvernig breyttar vinnuaðferðir, mat og framkvæmd verði á þessu sviði í framtíðinni í Noregi.

Í fréttinni segir:

“Eftir að Stórþingið norska hafði fjallað um skjalið „Energimeldningen i 2016“ er alhliða áætlun fyrir vatnsfarvegi (innskot rammaáætlun þeirra fyrir vatnsafl) afnumin sem stjórnþæki. Þessi ákvörðun mun spara stjórnvöldum og þeim sem vilja reisa vatnsaflsvirkjanir stjórnsýslulegan feril vegna umsókna um vatnsaflsvirkjanir yfir vissri stærð.

Afnám rammaáætlunar verður (að sögn NVE) að skoðast í samhengi við það að almenn þekking um umhverfismál í tengslum við vatnsföllin hefur orðið betri síðan áætluninni var komið á fót, meðal annars í gegnum vinnu með svæðisbundnar vatnaáætlanir í samræmi við vatnatilskipun Evrópu.

Sú þekking sem hefur safnast saman í tengslum við rammaáætlun mun líka áfram koma að gagni við leyfisveitingarferlið. Með þessu nýja fyrirkomulagi var samþykkt að gera drög að lögum sem gefa leyfisveitendum heimild til að hafna stærri vatnsaflsvirkjunum í þeim tilfellum þar sem verkefni hafa talsvert neikvæð áhrif á umhverfi eða aðra nýtingu landsvæðis.

Þar til nú hefur ekki verið hægt að sækja um leyfi fyrir verkefni sem voru talin geta valdið miklum ágreiningi, vegna mikillar andstöðu svæðisbundið eða mikils kostnaðar samkvæmt rammaáætluninni. Þessi verkefni eru kölluð verkefni í flokki II, (svara þau til biðflokks í rammaáætlun á Íslandi). Niðurfelling rammaáætlunar (í Noregi) felur í sér að héðan í frá verður hægt að sækja um leyfi á venjulegan hátt fyrir þessa virkjunarkosti, á þann hátt að kostir og gallar verða metnir í hefðbundnu leyfisveitingarferli.

Staðreyndir um rammaáætlun fyrir vatnsafl í Noregi

- Var komið á fót á níunda áratug síðustu aldar með það að markmiði að vera heildstætt stjórnþæki fyrir landsskipulag á vatnsföllum landsins.
- Áætlunin byggir á aðferðafræðum sem fela í sér kerfisbundna flokkun á vatnsaflsvirkjunarkostum út frá atriðum sem hægt er að sannreyna, sem byggir á því hversu mikil átök eru á milli annarra notagilda og raforkuhagfræði.
- Að undirbyggja víðtækan þekkingargrunn sem hægt væri að nýta við leyfisveitingar nýrra vatnsaflsvirkjana.
- Stórþingið fjallaði þrisvar um málið á tímabilinu 1984 til 1992 og eftir 1993 hefur farið fram stjórnsýsluleg meðferð á nýjum verkefnum í samræmi við rammaáætlun.

Heimild

<https://www.nve.no/nytt-fra-nve/nyheter-konsesjon/samlet-plan-for-vassdrag-er-avviklet/>